



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 13. janúar 2017

Ákvörðun nr. 1/2017

## **Kaup Skógarsala ehf. á rekstri og eignum Loftorku í Borgarnesi ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi dags. 2. september 2016 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhugaða yfirtöku Mókolls ehf., fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags, á Loftorku í Borgarnesi ehf. Greiðsla samrunagjalds var einnig innt af hendi þann sama dag. Samkeppniseftirlitinu barst svo með bréfi dags. 13. september 2016 samrunaskrá sem var í samræmi við 1. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka I við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, þ.e. svokölluð lengri samrunatilkynning. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og var samrunaaðilum tilkynnt um það með bréfi dags. 13. september 2016. Frestur Samkeppniseftirlitsins til þess að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga byrjaði því að líða frá og með 14. september 2016. Með bréfi, dags. 17. október 2016, var samrunaaðilum tilkynnt um að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.

Þann 9. desember 2016, upplýstu fyrirvarsmenn samrunaaðila, Samkeppniseftirlitið um breytingar á því kauptilboði sem samþykkt var þann 15. júlí 2016. Óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum um þær breytingar með bréfi dags. 13. desember, og var samrunaaðilum tilkynnt að tímafrestir sbr. 17. gr. d. samkeppnislaga væru hættir að líða frá og með 9. desember, þegar samrunaaðilum varð kunnugt um breytingarnar, sbr. 5. mgr. 9. gr. ofangreindra reglna nr. 684/2008.

Með tölvubréfi þann 21. desember 2016, barst kaupsamningur sem gerður var á grundvelli kauptilboðsins frá 15. júlí 2016. Kaupsamningurinn innihélt þá breytingu að ákveðið var að Skógarsalir ehf., kaupir eignir og rekstur Loftorku í Borgarnesi ehf. en ekki félagið sjálft. Þar af leiðandi munu Skógarsalir ehf. verða kaupandi en ekki Mókollur ehf. Þann 9. janúar 2017 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að frestir sbr. 17. gr. d. samkeppnislaga væru byrjaðir að líða að nýju.

Beiðni um undanþágu frá banni við framkvæmd samrunans á meðan Samkeppniseftirlitið fjallar um hann á grundvelli 4. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga, barst frá samrunaaðilum þann 23. desember 2016. Var sú undanþága veitt sama dag.



Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur óskað eftir gögnum og sjónarmiðum frá samrunaaðilum, keppinautum og viðskiptavinum samrunaaðila. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf þessara aðila skipta máli fyrir niðurstöðu þessa máls er þeirra getið í ákvörðuninni. Auk þess hefur stofnunin nýtt sér gögn úr fyrri rannsóknum á viðkomandi og tengdum mörkuðum.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að þeir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að sett eru skilyrði sem ryðja eiga úr vegi þeim samkeppnishindrunum sem mögulega leiða af samrunanum.

## II.

### Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Með kaupum þeim sem í samruna þessum felast telur Samkeppniseftirlitið að samruni eigi sér stað í skilningi samkeppnislaga. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar. Þá verður gerð grein fyrir forsendum þess að talið er rétt að grípa til íhlutunar vegna samrunans og þeim skilyrðum lýst sem Samkeppniseftirlitið telur að gilda eigi um samrunann til að koma megi í veg fyrir samkeppnishömlur sem af honum kunna að leiða, en samrunaaðilar hafa fallist á að hlíta þessum skilyrðum.

#### 1. Samruninn og samrunaaðilar

Loftorka í Borgarnesi ehf. (hér eftir Loftorka) er alhliða framleiðslu- og verktakafyrirtæki á sviði mannvirkjagerðar og sérhæfir sig í framleiðslu á forsteyptum einingum úr steinsteypu, s.s. veggjaeiningar, rör, brunnar og holræsi. Auk þess framleiðir Loftorka aðrar vörur úr steinsteypu en í minna mæli. Tilgangur félagsins, samkvæmt samrunaskrá, er að reka steypustöð, húseiningaverksmiðju og pípuverð, rekstur vinnuvéla og verktakastarfsemi og annar skyldur atvinnurekstur, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Loftorka á dótturfélögin Dúfnavelli ehf. (hér eftir Dúfnavellir), og K29 ehf. (hér eftir K29). Dúfnavellir er leigufélag sem leigir út íbúðarhúsnæði í Borgarnesi en K29 er eignarhaldsfélag með enga starfsemi samkvæmt samrunaskrá. Loftorka er í eigu Byggingalausna ehf., Óla Jóns Gunnarssonar og Bergþórs Ólasonar.

Mókollur ehf. (hér eftir Mókollur) er félag sem hefur engan eiginlega rekstur en Mókollur er eignarhaldsfélag um dótturfélög sem starfa við fasteignarekstur og í byggingarstarfsemi. Tilgangur þess samkvæmt samþykktum er kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala og rekstur fasteigna og lausafjár ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Eitt dótturfélaga Mókolls, L1041 ehf. (hér eftir L1041) á 50% hlut í ST eignarhaldsfélagi ehf. (hér eftir ST eignarhaldsfélag), en það félag á 100% eignarhlut í Steypustöðinni ehf.



(hér eftir Steypustöðin). Hinn 50% eigandi ST eignarhaldsfélags er einkahlutafélagið Bósi ehf. (hér eftir Bósi) sem er í eigu Alexanders Ólafssonar og fjölskyldu hans.<sup>1</sup>

Félög tengd eigendum Bósa sem starfa á sambærilegum og tengdum mörkuðum, samkvæmt samrunaskrá, eru Hraun-sandur ehf. (hér eftir Hraun-sandur), sem starfar við námuvinnslu og útgerð á vöruflutningabílum, og Alexander Ólafsson ehf. (hér eftir Alexander Ólafsson), sem einnig starfar við námuvinnslu. Auk þess er stjórnarformaður Steypustöðvarinnar einnig stjórnarformaður og einn af eigendum Tak-Malbiks ehf. (hér eftir Tak-Malbik). Tak-Malbik starfrækir m.a. efnisnámur í Hvalfjarðarsveit og selur bæði Steypustöðinni og Loftorku fylliefni til steypuframleiðslu, samkvæmt samrunaskrá. Teljast Hraun-sandur, Tak-Malbik og Alexander Ólafsson tengdir aðilar Bósa í þessari ákvörðun.

Steypustöðin er fyrirtæki sem starfar við framleiðslu á steinsteypu til notkunar við mannvirkjagerð. Auk þess framleiðir félagið og selur hellur og einingar, rekur múrverslun, og starfrækir flotdeild sem framleiðir ýmis sementsbundin gólfílagningarefni. Tilgangur félagsins er rekstur steypustöðva, vinnsla jarðefna, rekstur byggingavöruverslunar og skyldur rekstur.

Steypustöðin hefur átt í viðskiptum við tvö önnur dótturfélög Mókolls, byggingarfélagið Eykt ehf. (hér eftir Eykt) og fasteignafélagið Grjótháls ehf. (hér eftir Grjótháls). Eykt hefur keypt steypu af Steypustöðinni ásamt því að sjá um tilfallandi viðhaldsverkefni fyrir Steypustöðina, og Grjótháls er eigandi þeirra fasteigna sem starfsemi Steypustöðvarinnar er staðsett og leigir til Steypustöðvarinnar, samkvæmt samrunaskrá. Auk þess leigir Steypustöðin tæki til steypuvinnslu af eignarhaldsfélaginu Slatta ehf. (hér eftir Slatti), en félagið er dótturfélag ST eignarhaldsfélags, en engin önnur eiginleg starfsemi er í félaginu.

Skógarsalir ehf. (hér eftir Skógarsalir) er einkahlutafélag í eigu Steypustöðvarinnar, samkvæmt samningi dags. 19. desember 2016.

Hin fyrirhugðu kaup fela í sér að Skógarsalir kaupir rekstur og eignir Loftorku og telst þar með hafa átt sér stað breyting á yfirráðum með þeim hætti að um er að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þá er ljóst að veltuskilyrði 17. gr. a. samkeppnislaga eru uppfyllt og kemur samruni þessi því til skoðunar samkvæmt samrunaákvæðum laganna.

## **2. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Horfa þarf á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- og þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

---

<sup>1</sup> Bósi ehf. er í eigu Alexanders Ólafssonar (10%), Ellerts Alexanderssonar (20%), Alexanders G. Alexanderssonar (20%), Margrétar Alexandersdóttur (20%), Kjartans Salómonssonar (20%) og Ólafs Sveinssonar (10%).



Í kafla 7 í viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum segir m.a. svo um skilgreiningu á vörumarkaði:

*„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.*

*Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðnum.“*

Í áður tilvitnuðum reglum um tilkynningu samruna er landfræðilegur markaður skilgreindur svo:

*„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.*

*Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“*

Í nýlegum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2014, *Yfirtaka Hornsteins ehf. á BM Vallá ehf., Björgun ehf. og Sementsverksmiðjunni ehf.*, nr. 9/2012, *Yfirtaka BMV Holding ehf. á BM Vallá ehf.*, nr. 10/2012, *Samruni L1022 ehf., Arion banka hf., Lýsingar ehf. og Sementsverksmiðjunnar ehf.*, sem og nr. 13/2011, *Samruni ST eignarhaldsfélags ehf. og Steypustöðvarinnar ehf.*, var fjallað um suma þá markaði sem hér koma við sögu. Telur Samkeppniseftirlitið unnt að hafa hliðsjón af þessum úrlausnum í máli þessu.

Hér á eftir verður fjallað um stöðu þeirra fyrirtækja sem um ræðir í máli þessu á þeim mörkuðum sem þau starfa á en til fyllingar eftirfarandi umfjöllunar er vísað til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um aðila málsins sem og keppinauta þeirra.

## 2.1 Efnissölumarkaður

Fjallað var um efnissölumarkaðinn m.a. í fyrrgreindum ákvörðunum nr. 20/2014, nr. 9/2012 og nr. 13/2011. Þar kemur fram að fáir aðilar starfa á höfuðborgarsvæðinu á þessum markaði en hár flutningskostnaður hamlar samkeppni milli náma sem eru staðsettar í ólíkum landshlutum. Samkvæmt rannsókn Samkeppniseftirlitsins er



eftirspurn á efnissölumarkaði háð ástandi á byggingarmarkaði og framkvæmdum opinberra aðila við gatnagerð og frágang opinna svæða. Aðilar starfandi á efnissölumarkaði eru m.a. Alexander Ólafsson ehf., ÍAV hf., Tak-Malbik ehf., Fossvélar ehf., Hraun-sandur ehf. og Björgun ehf.<sup>2</sup>

Eftir rannsóknir á efnissölumarkaði í tengslum við fyrri mál Samkeppniseftirlitsins telur Samkeppniseftirlitið ljóst að efnissölumarkaðurinn samanstandi af landnánum og efnisnámi úr hafi. Þegar að efnisnámi úr hafi kemur er aðeins einn aðili á markaðnum, Björgun ehf. (hér eftir Björgun), en félagið er undir sama eignarhaldi og BM Vallá ehf. sem er einn helsti keppinautur samrunaaðila á framleiðslumarkaði, sbr. umfjöllun hér á eftir. Alexander Ólafsson, Tak-Malbik og Hraun-Sandur eru eins og fyrr segir félög í landnámarekstri sem vinna m.a. efni til steypuframleiðslu og forsteyptra einingagerðar, og selja nú þegar bæði Steypustöðinni og Loftorku fylliefni til steypuframleiðslu, og teljast því mikilvægir birgjar samrunaaðila. Er því ljóst ef af verður hinum fyrirhugaða samruna munu aðilar starfandi á efnissölumarkaði eiga í enn frekari viðskiptum við tengda aðila á undirmörkuðum framleiðslumarkaðar.

Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins bentu rannsóknir eftirlitsins til þess að markaðshlutdeild Björgunar væri umtalsverð, en að auki kom fram að Alexander Ólafsson og Hraun-sandur væru mikilvægir birgjar ýmissa aðila á undirmörkuðum framleiðslumarkaðar, sem margir hverjir eru keppinautar Steypustöðvarinnar eða Loftorku. Til greina kemur að skipta efnissölumarkaðnum í nokkra undirmarkaði með hliðsjón af mismunandi eiginleikum efnisins en Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að taka nánari afstöðu til efnissölumarkaðarins í þessu máli.

## 2.2 Framleiðslumarkaður

Framleiðslumarkaði þessa máls má skipta upp í undirmarkaði enda ljóst að takmörkuð staðganga er á milli mismunandi vörutegunda innan markaðarins. Þannig má t.d. skipta honum upp í steypuframleiðslu, helluframleiðslu og forsteyptar einingar.

### Steypuframleiðsla

Nátengdur efnissölumarkaðinum er steypuframleiðslumarkaður en efni úr námum, eða hafi, er nauðsynlegt til framleiðslu steypu. Megin starfsemi Steypustöðvarinnar er fólgin í framleiðslu og sölu á steinsteypu. Helsti keppinautur Steypustöðvarinnar þegar kemur að framleiðslu á steypu er BM Vallá ehf. (hér eftir BM Vallá), en auk þess eru fleiri og minni steypuframleiðendur utan höfuðborgarsvæðisins, þ.m.t. Loftorka en Loftorka framleiðir einungis í litlu mæli til þess að þjónusta nánasta umhverfi í Borgarnesi samkvæmt samrunaaðilum.

Um sterka stöðu Steypustöðvarinnar á steypuframleiðslumarkaði var fjallað í ákvörðun nr. 13/2011, sem áður hefur verið vísað til. Þar komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að sá samruni sem var þar til skoðunar gæti haft í för með sér hættu á röskun á samkeppni, m.a. á þann hátt að aðilum í steypuframleiðslu yrði mismunað í verði og öðrum viðskiptakjörum vegna efniskaupa þeirra til steypuframleiðslunnar án þess að málefnaleg sjónarmið byggju þar að baki. Viðræður við samrunaaðila í því máli leiddu til

---

<sup>2</sup> Eins og áður hefur komið fram eru félögin Hraun-sandur ehf., Alexander Ólafsson ehf. og Tak-Malbik ehf. tengd eigendum Bósa.



setningu skilyrða sem ætlað var að koma í veg fyrir samkeppnisleg vandkvæði. Hins vegar er rétt að taka fram að Samkeppniseftirlitið tók ekki afstöðu til þess í ákvörðuninni hvort að Steypustöðin væri markaðsráðandi. Þá skal einnig taka fram að rannsókn Samkeppniseftirlitsins í ákvörðunum nr. 20/2014 og nr. 9/2012, leiddi í ljós BM Vallá nyti sterkrar stöðu á markaðnum.

Samrunaaðilar telja að steypuframleiðsla sé, í ljósi eðlis framleiðslunnar, bundin við svæði. Á höfuðborgarsvæðinu telja samrunaaðilar að Steypustöðin sé með 55-65% markaðshlutdeild í steypuframleiðslu. Undanfarin misseri hafa stærstu viðskiptavinir Steypustöðvarinnar verið umfangsmiklir á byggingamarkaðnum sem útskýrir þá aukningu sem átt hefur sér stað hjá félaginu, en markaðshlutdeildin er nokkuð sveiflukennd eftir verkefnastöðu einstakra verktaka þar sem það hafi löngum loðað við greinina að verktakar haldi tryggð við sína birgja, samkvæmt samrunaskrá. Hins vegar telja samrunaaðilar að BM Vallá og Steypustöðin hafi, að teknu tilliti til landshluta og fleiri áhrifaþátta, áþekka markaðshlutdeild þegar kemur að steypuframleiðslu samkvæmt samrunaskrá. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á þeim samruna sem hér er til skoðunar benti til að öflugir viðskiptavinir búi yfir umtalsverðum kaupendastyrk og ekki komu fram vísbendingar um annað en að fyrir hendi væri samkeppni á milli Steypustöðvarinnar og BM Vallá. Hefur rannsóknin því ekki gefið ástæðu til þess að hvika frá fyrra mati Samkeppniseftirlitsins sem fram kemur í fyrrgreindum ákvörðunum um stöðu Steypustöðvarinnar og BM Vallá á steypuframleiðslumarkaði.

#### Helluframleiðsla og önnur framleiðsla

Steypustöðin framleiðir auk þess hellur og eru helstu keppinautar fyrirtækisins á þeim markaði BM Vallá og Bauhaus Ísland ehf., samkvæmt samrunaskrá. Telja samrunaaðilar að BM Vallá hafi yfirburðarstöðu á hellusölumarkaði og að öllum líkindum sé Steypustöðin minnsti framleiðandinn á markaðnum.

Steypustöðin rekur einnig múrverslun og selur þar ýmsar byggingavörur sem félagið flytur inn til landsins sjálft, aðallega þó ýmis múrefni samkvæmt samrunaskrá.

#### Framleiðsla forsteyptra eininga

Samrunaaðilar framleiða báðir forsteyptar einingar. Steypustöðin framleiðir eingöngu ákveðnar sértækar einingar, en ekki heildarlausnir eða húseiningar samkvæmt samrunaskrá. Steypustöðin framleiðir smærri forsteyptar einingar s.s. blómaker, sorptunnuskýli, bekki o.þ.h. Er það mat samrunaaðila að stærsti keppinauturinn í sölu á smærri forsteyptum einingum sé BM Vallá, en auk þess er um marga aðra aðila að ræða, svo sem Einingaverksmiðjuna ehf. (hér eftir Einingaverksmiðjan), Loftorku og Esju-Einingar ehf. (hér eftir Esju-Einingar), auk annarra smærri aðila samkvæmt samrunaskrá.

Loftorka sérhæfir sig hins vegar í stórum forsteyptum einingum til húsbygginga s.s. veggeiningar, loftaplötur, bita, svalagólf, stiga, sökkla og margt fleira. Er það mat samrunaaðila að helsti keppinautur Loftorku í sölu á slíkum vörum sé einnig BM Vallá ásamt Einingaverksmiðjunni, en nokkrir smærri keppinautar starfi jafnframt á markaðnum svo sem Esju-Einingar, VHE ehf., Ístak ehf. o.fl. Loftorka framleiðir einnig steyppt frárennslisrör og brunna og er það mat samrunaaðila að samkeppnin sé mest við aðila sem bjóða uppá lausnir úr plasti. Þar af er SET ehf. stærsti keppinauturinn með



plaströralausnir, en Loftorka er eini framleiðandi steinröra og brunna á Íslandi, samkvæmt samrunaskrá.

Samrunaaðilar telja að markaðshlutdeild Loftorku sé um 30-40%, og að Steypustöðin sé með innan við 10% og sé minnsti framleiðandinn á markaðnum fyrir forsteyptar einingar.

Telja verður að landfræðilegur markaður fyrir forsteyptar einingar geti ekki verið stærri en Ísland vegna erfiðleika við flutninga og hás flutningskostnaðar slíkra þunga vara um langan veg.

Samkeppniseftirlitið aflaði ýmissa upplýsinga frá samrunaaðilum og helstu fyrirtækjum á markaðnum fyrir framleiðslu forsteyptra eininga og óskaði eftir heildarveltu þeirra vegna sölu forsteyptra eininga. Var upplýsinganna aflað m.a. til að gefa Samkeppniseftirlitinu vísbendingar um hlutdeild aðila, sem sjá má í töflunni hér að neðan, og lárétt áhrif samrunans.

*Tafla 1 Hlutdeild (m.v. veltu) helstu framleiðenda forsteyptra eininga*

<i>Fyrirtæki</i>	<i>2015</i>	<i>2014</i>
Loftorka	[25-30]%	[15-20]%
Steypustöðin	[0-5]%	[0-5]%
<b>Samtals</b>	<b>[30-35]%</b>	<b>[20-25]%</b>
BM Vallá	[30-35]%	[25-30]%
Esju-Einingar	[5-10]%	[5-10]%
Einingaverksmiðjan	[20-25]%	[25-30]%
Ístak	[0-5]%	[0-5]%
VHE	[5-10]%	[10-15]%

Eins og upplýsingar á töflunni bera með sér þá hefði samanlögð hlutdeild Loftorku og Steypustöðvarinnar í framleiðslu forsteyptra eininga orðið sú hæsta á árinu 2015. Samkeppniseftirlitið telur þó að í ljósi þeirra upplýsinga sem bárust frá starfandi fyrirtækjum og viðskiptavinum þá, hafi hinn fyrirhugaði samruni takmörkuð lárétt áhrif. Nánar er gerð grein fyrir þeirri afstöðu hér að neðan.

Þrátt fyrir að samrunaaðilar starfi á sama heildarmarkaði þá er framleiðsla þeirra ólík. Steypustöðin getur vart talist náninn keppinautur Loftorku í ljósi ofangreindrar hlutdeildar og þess að Steypustöðin framleiðir eingöngu smærri forsteyptar einingar þar sem Steypustöðin hefur ekki aðstöðu til að framleiða stærri einingar samkvæmt samrunaskrá. Að auki leiddi rannsókn Samkeppniseftirlitsins í ljós að viðskiptavinir litu ekki á Steypustöðina og Loftorku sem beina keppinauta. Má draga þá ályktun að valkostum viðskiptavina fækki ekki ef hinn fyrirhugaði samruni verður framkvæmdur.

Auk þess leiddi rannsókn Samkeppniseftirlitsins í ljós að samkeppnislegt aðhald er til staðar á markaðnum fyrir forsteyptar einingar. Þrír stærstu keppinautarnir eru með áþekka hlutdeild, fyrir hendi eru öflugir kaupendur og töluverð framboðsstaðganga á milli stærri og minni forsteyptra eininga. Viðskiptavinir leitast eftir tilboðum frá keppinautum



og bera saman, en helstu áhrifaþættir í slíkum samanburði á tilboðum eru m.a. verð, þjónustustig og afhendingartími. Hvað snertir mögulega inngöngu aðila inn á markaðinn fyrir forsteyptar einingar þá felst hún aðallega í tækjakaupum, þekkingu og aðstöðu til framleiðslu á forsteyptum einingum.

Til greina kemur að skipta markaðnum niður í einingar annars vegar til húsbýgginga og hins vegar aðrar einingar. Þar sem sú aðgreining hefði ekki áhrif á samkeppnislegt mat Samkeppniseftirlitsins á þessum samruna telur það ekki ástæðu til að taka afstöðu til þess hvort einstakir stærðarflokkar forsteyptra einingar myndi sérstaka vörumarkaði. Stærð forsteyptra eininga er auk þess breytileg þar sem nokkuð er um sérsníði á markaðnum, sem rennur frekari stoðum undir ofangreinda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.<sup>3</sup>

Í ljósi framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessa máls raski ekki samkeppni í framleiðslu og sölu á forsteyptum einingum.

### 2.3 Tengsl efnissölumarkaðar og framleiðslumarkaðar

Líkt og áður kemur fram eru nán tengsl á milli efnissölumarkaðar og framleiðslumarkaðar þegar kemur að steypu enda er framleiðsla steypu ekki möguleg án þeirra efna sem tilheyra efnissölumarkaðnum. Að auki þurfa fyrirtæki á steypuframleiðslumarkaði sement til steypuframleiðslu. Á Íslandi er flest allt sement innflutt og selt að meginstefnu í gegnum tvo aðila, Aalborg Portland Íslandi ehf. (hér eftir Aalborg Portland) og Sementsverksmiðjuna ehf. (hér eftir Sementsverksmiðjan).<sup>4</sup>

Með fyrri samrunum tengdum samrunaaðilum og helstu keppinautum hefur samkeppnislegt landslag breyst úr því að margir aðilar starfi á mismunandi stigum virðis\_keðjunnar, s.s. í efnistöku og steypuframleiðslu, í að tvær blokkir hafi myndast í lóðréttum virðis\_keðjum allt frá töku hráefnis til sölu lokaafurðar. Með þessu er átt við þau lóðréttu tengsl sem hafa myndast milli aðila á framleiðslumarkaði og efnissölumarkaði. Fyrir utan standa svo minni ótengdir aðilar.

Steypustöðin kaupir hráefni frá tengdum aðilum, líkt og fram hefur komið, en sement er keypt frá ótengdum aðilum, að meginstefnu frá [...] <sup>5</sup>. Loftorka kaupir hráefni í sína framleiðslu af [...] <sup>6</sup> og ef sá samruni sem hér er til umfjöllunar verður framkvæmdur, mun Loftorka verða hluti af þessari lóðréttu virðis\_keðju. Um eignarhald helsta keppinautar samrunaaðila á framleiðslumarkaði, BM Vallá, var fjallað um í ákvörðun nr. 20/2014. Eignarhaldsfélagið Hornsteinn ehf. (hér eftir Hornsteinn) eigandi BM Vallár, er einnig eigandi Björgunar og Sementsverksmiðjunnar.

## III. Íhlutun

<sup>3</sup> Til hliðsjónar má sjá úrlausn framkvæmdarstjórnar ESB frá 7. ágúst 2007 í máli M.4719 HEIDELBERGCEMENT/HANSON, 2007/C 221/01, mgr. 24.

<sup>4</sup> Samkeppnisráð fjallaði um sementsmarkaðinn í ákvörðun sinni nr. 32/2002, en sú skilgreining sem var lögð þar til grundvallar byggðist á þáverandi markaðsaðstæðum þegar sement var framleitt á Íslandi. Einnig var fjallað um sementsmarkaðinn í ákvörðun nr. 20/2014, sem áður hefur verið vísað til.

<sup>5</sup> Felld út vegna trúnaðar.

<sup>6</sup> Felld út vegna trúnaðar.





Eðli samrunans sem hér er til umfjöllunar er m.a. blanda af samsteypusamruna og lóðréttum að því leyti Skógarsalir tengist aðilum starfandi á efnissölumarkaði og öðrum mörkuðum.

Með kaupum Skógarsala á rekstri og eignum Loftorku gætir áhrifa á undirmörkuðum framleiðslumarkaðar. Hins vegar er ekki markmiðið að sameina félög á undirmörkuðum framleiðslumarkaðar undir einu nafni heldur verða félögin áfram rekin sem sjálfstæðar einingar, og viðskipti þar á milli fara fram á armslengdargrunni. Með slíku fyrirkomulagi sjá samrunaaðilar tækifæri m.a. til að auka gæði vöru og þjónustu sem seld er, aukins rekstrarhagræðis með sameiginlegum innkaupum og þróun á lausnum er tengjast mannvirkjagerð á Íslandi með þeirri tæknilegu þekkingu sem félögin hvort um sig búa að.

Líkt og að ofan greinir stunda Loftorka og Steypustöðin m.a. viðskipti á ólíkum en tengdum mörkuðum, þ.e. á sviði steypuframleiðslu til mannvirkjagerðar. Eins og áður hefur verið rakið er meginstarfsemi félaganna ólík að því leyti að Loftorka sérhæfir sig í framleiðslu á forsteyptum húseiningum á meðan starfsemi Steypustöðvarinnar er takmörkuð við forsteyptar smærri einingar en meginstarfsemi Steypustöðvarinnar er á sviði eiginlegrar steinsteypuframleiðslu. Er því, sem fyrr segir, samkeppnisleg skörun á starfsemi samrunaaðila takmörkuð. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins leiddi enn fremur í ljós að viðskiptavinir litu, að meginstefnu, ekki á samrunaaðila sem keppinauta og að virk samkeppni væri á flestum mörkuðum málsins.

Aftur á móti er ljóst að samkeppnisleg vandkvæði geta fylgt því að fyrirtæki og aðilar tengdir samrunaaðilum séu starfandi á tengdum mörkuðum og eigi í viðskiptum við tengda og ótengda aðila. Um eignarhald Steypustöðvarinnar og sterka stöðu fyrirtækisins vegna eignartengsla var fjallað í ákvörðun nr. 13/2011. Hins vegar telja samrunaaðilar að áhrif vegna þess samruna sem þar var til umfjöllunar hafi verið takmörkuð að einhverju leyti þegar helmings hlutur í ST eignarhaldsfélagi var seldur til L1041 á árinu 2014.

Vegna þeirrar stöðu að samrunaaðilar eiga viðskipti hver við annan sem og keppinauta hvers annars telur Samkeppniseftirlitið að samruni sá sem hér um ræðir geti haft í för með sér hættu á að samkeppni yrði raskað með þeim hætti að grípa verði til íhlutunar af hálfu eftirlitsins. Samkeppniseftirlitið telur, verði ekkert aðhafst, að aðilum á mörkuðunum sem um ræðir gæti verið mismunað í verði og öðrum viðskiptakjörum án þess að málefnaleg sjónarmið byggju að baki. Málefnaleg sjónarmið ráðast m.a. af aðstæðum á markaði hverju sinni og geta þau því verið túlkuð á mismunandi hátt eftir því í hvaða markaðsaðstæðum ákvörðun um viðskipti var tekin. Einnig skal nefnt að ákveðin hætta getur skapast á því, verði ekkert að gert, að viðskipti fyrirtækjanna verði þannig að kjör innan eigendahópsins og tengdra aðila verði um margt ólík kjörum þeirra sem standa utan hans. Miðast skilyrði í þeirri sátt sem gerð var við samrunaaðila að því að komið sé í veg fyrir þessi vandkvæði.

Auk þess má nefna hættu á samtvinnun vara og/eða þjónustu, þannig að keppinautar og/eða viðskiptamenn séu neyddir til þess, eða sjái sér ekki hagsmuni í öðru en að kaupa til að mynda vöru frá einum samrunaaðila og þeirri vöru fylgi sú kvöð að kaupa verði þjónustu frá öðrum samrunaaðila einnig. Hætta er þar að auki á því að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar viðskiptamanna berist til keppinauta þeirra t.a.m. á þann hátt að fyrirtæki utan eigendahópsins kaupi vöru af fyrirtæki innan eigendahópsins, það fyrirtæki



láti annað fyrirtæki innan eigendahópsins vita af því sem er í beinni samkeppni við kaupandann o.s.frv.<sup>7</sup> Geta slík tilvik varðað við samkeppnislög að uppfylltum nánari skilyrðum.

Í ákvörðun nr. 13/2011 komust samrunaaðilar í því máli að sátt við Samkeppniseftirlitið með setningu skilyrða er snerta Alexander Ólafsson ehf. og tengd félög. Þau skilyrði sem sett voru í þeirri ákvörðun eru enn í gildi.

Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við fyrirsvarsaðila samrunaaðila leitt til þess að sátt hefur verið gerð í máli þessu með setningu skilyrða sem ætlað er að koma í veg fyrir samkeppnisleg vandkvæði í kjölfar samrunans. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin séu nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandkvæðum sem ella hefðu getað skapast með samrunanum. Skilyrðin hafa hlotið umsögn hjá þeim fyrirtækjum sem þau snúa að.

#### **IV. Ákvörðunarorð**

**Kaup Skógarsala ehf. á rekstri og eignum Loftorku í Borgarnesi ehf., fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á því að ógilda samrunann:**

##### **1.**

**Mókolli ehf. og tengdum félögum, Steypustöðinni ehf. og tengdum aðilum, Bósa ehf. og tengdum aðilum og Skógarsölum ehf. og tengdum aðilum (hér eftir nefnd Fyrirtækin) er óheimilt að mismuna viðskiptavinum sínum í verði eða öðrum viðskiptakjörum við sölu á vörum eða þjónustu umfram það hagræði sem ætla má að Fyrirtækin, hvert fyrir sig, hafi af umfangi viðskiptanna og málefnalegar ástæður liggi því til grundvallar.**

##### **2.**

**Þegar og ef viðskipti eiga sér stað milli tveggja eða fleiri Fyrirtækja skal með þau farið líkt og viðskipti milli óskyldra aðila.**

##### **3.**

**Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar (forstjórar) Fyrirtækjanna skulu undirrita yfirlýsingu þar sem því er lýst að viðkomandi hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og heiti því að virða þau að öllu leyti og kynna fyrir viðkomandi starfsmönnum Fyrirtækjanna. Afritum af yfirlýsingum skal senda Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en 8. mars 2017.**

##### **4.**

---

<sup>7</sup> Er þetta í samræmi við leiðbeiningareglur framkvæmdastjórnar ESB, um mat á lóðréttum samrunum og samsteypusamrunum, nr. 2008/C 265/07, frá 18. október 2008, og þær hættur sem þar eru nefndar (á ensku: Guidelines on the assessment of non-horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings, Official Journal C 265).



**Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson